



Nýr Landspítali staða framkvæmda og fréttir af verkefninu

- **Sumarmálstofa NLSH 2025**
- **Samningsundirskrift vegna jarðvinna við Fífilsgötu og Hrafnsgötu**
- **Heimsókn frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar**
- **Staða byggingaverkefna í lok júní:**
 - **Meðferðarkjarni**
 - **Rannsóknahús**
 - **Bílastæða og tæknihús**
 - **Bílakjallari undir Sóleyjartorgi**
 - **Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands**
 - **Grensásdeild Landspítala**

Sumarmálstofa NLSH 2025



Alma D. Möller heilbrigðisráðherra flutti lokaorð á málstofunni.



Málstofan var vel sótt að venju.

Hin árlega sumarmálstofa NLSH var haldin þann 19.6 en félagið stendur reglulega fyrir málstofum, fyrir hagaðila, um framgang verkefna félagsins.

Megin áhersla þessa fundar voru hönnunar- og framkvæmdaatriði, en einnig var fjallað um tækifæri í byggingariðnaði með notkun gervigreindar.

Í upphafi bauð Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH gesti velkomna og síðan hófst dagskrá með fjölbreyttum erindum sem voru flest frá starfsmönnum NLSH. Ólafur M. Birgisson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH stiklaði á stóru um helstu framkvæmdaverkefni NLSH, og síðan fjallaði Hjörtur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Mynstru ehf., um hvernig gervigreind getur nýst í mannvirkjaiðnaði og í opinberum framkvæmdum.

Í hans erindi kom fram að gervigreind getur aukið skilvirkni í skýrslugerð, greiningu á útboðsgögnum og samræmingu gagna. Einnig getur þessi nýja tækni búið til gagnvirk mælaborð með upplýsingum úr framvinduskýrslum, fundargerðum og vinnuskjölum og getur þessi stafræna umbreyting aðstoðað við að nýta tæknina á hagkvæman og skilvirkan hátt.

Næst var komið að fyrirlestri um útveggi meðferðarkjarna og rannsóknahúss sem Bergþóra Smáradóttir hjá NLSH hélt. Síðasta erindið fjallaði síðan um skönnun og BIM á verkstað meðferðarkjarnans sem Ásbjörn Jónsson hjá NLSH sá um að kynna.

Að lokum flutti Alma D. Möller heilbrigðisráðherra lokaorð og málstofunni lauk með tónlistaratriði í flutningi bræðranna frá Hafnarfirði Kristmundar Guðmundssonar og Sveins Guðmundssonar.

Málstofan var vel sótt að venju og málstofugestir margs vísari um framkvæmdaverkefni NLSH og um það nýjasta í gervigreindinni.

Samningsundirskrift vegna jarðvinna við Fífilsgötu og Hrafnsgötu



Við undirritun samnings: Steinar Þór Bachmann verkefnastjóri NLSH, Gunnar Svavarsson framkvæmdastjóri NLSH, Alfreð Gunnarsson Baarregaard framkvæmdastjóri Alma Verk ehf., og Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg.

Nýlega var undirritaður samningur Nýs Landspítala ehf. við Alma Verk ehf. vegna í endurgerðar Fífilsgötu milli Hringbrautar og Gömlu Hringbrautar, upprif á hluta Hrafnsgötu og fullgera götuna frá Fífilsgötu austur-fyrir inngang að Barnaspítala. Verkið er samstarfsverkefni NLSH, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar ásamt aðkomu Milu, Ljósleiðarans og Veitna.

Verkið felst meðal annars í að endurgera Fífilsgötu milli Hringbrautar og Gömlu Hringbrautar, upprif á hluta Hrafnsgötu og fullgera hana síðan frá Fífilsgötu austur-fyrir inngang að Barnaspítala, leggja nýjar fráveitu- og vatnsveitulagnir með allri þeirri jarðvinnu sem til þarf, setja niður fituskilju í Hrafnsgötu og breyta dælubrunni, útbúa og setja niður stokka og brunna fyrir háspennulagnir, jarðvegsskipta á hluta svæðis, gerð neyðarreinar í hægri beygju frá Hringbraut inn á Fífilsgötu, færa ljósaðstólpa við Hringbraut og Fífilsgötu, útbúa hjáleik fyrir Strætó í gegnum núverandi umferðareyjar á Fífilsgötu og inn að Vatnsmýrarvegi vestan við Fífilsgötu, fylla í hluta Burknagötu að bílastæðahúsi, leggja snjóbræðslulagnir, malbika stíga og götur, helluleggja og ganga frá yfirborði og merkingum á svæðinu. Einnig er innifalið í verkinu gerð steypst stoðveggjar og tröppu vestan meðferðarkjarna ásamt steyptrar rofastöðvar vestan við Barnaspítala, upp við Barónsstíg.

Heimsókn frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar



Gestir fengu að skoða hvernig umhverfi meðferðarkjarnans er nú þegar frágangur innanhúss er hafinn.

Þann 5. júní tók NLSH á móti hópi starfsmanna frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg. NLSH hefur um árabíl átt í nánu samstarfi við Reykjavíkurborg enda hefur uppbygging nýs Landspítala marga snertifleti við skipulags- og samgöngumál hjá borginni.


Heimsóknin var hluti af fræðsludegi skrifstofu framkvæmdadeildar og hófst á kynningu framkvæmdastjóra NLSH, Gunnars Svavarssonar. Mikill áhugi var meðal gesta og líflegar umræður voru um þau viðamiklu byggingaverkefni sem NLSH vinnur að. Að kynningu lokinni var framkvæmdasvæðið skoðað undir leiðsögn Ólafs M. Birgissonar sviðsstjóra framkvæmdasviðs, Ásbjarnar Jónssonar verkefnastjóra og Jóhanns G. Gunnarssonar staðarverkfræðings.

„Þetta var áhugaverð og fræðandi heimsókn á framkvæmdasvæði NLSH. Einstakt tækifæri að fá að heimsækja staðinn á þessum tímapunkti nú þegar framkvæmdir eru í fullum gangi. Mjög fræðandi leiðsögn var um svæðið og góð yfirferð um staðhætti og frábært að sjá hvernig gamli spítalinn fær að njóta sín innan um nýbyggingarnar,“ segir Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri á skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg.

Staða byggingaverkefna í lok júní:



Innanhússfrágangur á fimmtu og sjöttu hæð meðferðarkjarna í fullum gangi.



Verið er að setja upp grindarkerfi fyrir innveggi í meðferðarkjarna.

Meðferðarkjarni

Góður gangur er á framkvæmdum við meðferðarkjarna og verkefnið gengur samkvæmt áætlun. Nú stendur yfir mikil innvinna og frágangur á ýmsum svæðum hússins, þrátt fyrir að sumarleyfi hafi áhrif á mannafla á næstu vikum.

Á fimmtu og sjöttu hæð hússins er unnið við frágang á legudeildum, þar sem m.a. fer fram lagning gólfefna og undirbúningur fyrir frekari innivinnu. Í kjallara byggingarinnar er verið að leggja lagnir í gólf og sinna umfangsmikilli málningarvinnu sem mun halda áfram í júlí og ágúst.

„Áfram er unnið að frágangi útveggja, þar sem lögð er áhersla á verkþætti eins og uppsetningu glugga og hurða, þéttingarskil, og frágang á þakköntum. Á fjórðu hæð fer fram þétting útveggja við inntaksrými hússins.

Þakvinnan heldur áfram þar sem unnið er að lagningu einangrunar, sandfyllingu og yfirborðsfrágangi, ásamt vinnu við loftræsihýsi á þaki. Einnig er í gangi vinna við frágang inngarða í kjallara, sem síðar verða græn svæði innan byggingarinnar og skapa náttúrulega lýsingu fyrir starfsfólk.

Í sumar og fram á haust verður unnið áfram að mörgum lykilverkhlutum hússins og ný verk hefjast á flestum hæðum. Þrátt fyrir minni mönnun vegna sumarleyfa verður áfram unnið skipulega að framvindu verkefnisins til að tryggja áframhaldandi góðan gang framkvæmda,“ segir Árni Kristjánsson, staðarverkfræðingur NLSH.

Nýjasta myndbandið af meðferðarkjarnanum frá 19.6 má sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=7XYmAVgyT2s>



Með tilkomu rannsóknahúss verður hægt að framkvæma stofnfrumurannsóknir við aðstæður sem samræmast nútíma kröfum um hreinleika og standast kröfur GMP (good manufacturing practice) og taka í notkun nýjar aðferðir við frumumeðhöndlun.

Rannsóknahús

Vinna við uppsteypu á rannsóknahúsinu gengur vel enda hefur viðrað vel að undanfögnu þrátt fyrir úrkomudaga inn á milli. Nú er unnið er nú að því að stilla upp mótum fyrir vegg og súlur undir þakplötu ásamt því að uppsteypu plötu fimmtu hæðar er að klárast vestan megin í húsinu.

„Unnið er að steypa vegg og súlur undir fimmtu hæð austanmegin í húsinu. Vinna við fyllingar er langt komin hjá verktaka,“ segir Jóhann G. Gunnarsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Undirbúningur og uppsetning útveggjaglæðningar hefst í nóvember á þessu ári og stefnt að útboði vegna innanhússfrágangs í lok árs 2025. Stefnt að því að vinna við innanhússfrágang hefjist á vormánuðum 2026.

Drónamyndband af rannsóknahúsinu frá 19.6 má sjá hér:
https://www.youtube.com/watch?v=Q-c_h747fgA



Í bílastæða- og tækniúsinu verða rúmlega 500 bílastæði.

Bílastæða- og tækniús

Í bílastæða og tækniúsi er uppsetning flestra kerfa langt komin en endanlegur frágangur á bílastæðum er eftir.

„Enn er beðið eftir endanlegum heimplögnum til að prófanir geti hafist sem og yfirborðsfrágangur til að hægt verði að keyra inn í húsið,“ segir Sigurjón Sigurjónsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

Í Bílastæða og tækniúsinu verða 522 bílastæði á 16 pöllum auk 200 stæða fyrir reiðhjól. Stefnt er að opnun bílastæðahluta hússins í ágúst á þessu ári.

Bílakjallari undir Sóleyjartorgi

Hönnun á götum, veitum og lóð (GVL) á framkvæmdasvæðinu er í vinnslu en hluti af GVL verkefninu er yfirborðsfrágangur bílajakjallarans, sem og annara svæða í kringum meðferðarkjarna. Gert er ráð fyrir að stálvirki anddyris komi upp í ágúst og mun klæðningarvinna og frágangur þaks fara fram í haust, segir Jóhann G. Gunnarsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.



Uppsteypa í húsi Heilbrigðisvísindasviðs er í fullum gangi.

Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Uppsteypu á tengigangi á milli húss Heilbrigðisvísindasviðs og meðferðarkjarna ,sem þverar Burknagötuna, er að mestu lokið. Verið er að hefja vinnu við frágang á honum við meðferðarkjarna og vatnsverja. Áætlað er hægt verði að fylla að og yfir hann í byrjun júlí.

„Að austanverðu við Læknagarð hefur staðið yfir vinna við að styrkja súlur, saga og brjóta inn í húsið þar sem nýbyggingin kemur að og tengist eldri byggingu.Áframhaldandi vinna er við gólfhitalagnir ásamt frárennslis-, dren-, loftræsi- og raflögnum. Uppsteypa er hafinn á veggjum fyrstu hæðar en hluti af veggjunum ná frá jarðhæð að annarri hæð og eru því tæplega 6 metra háir,“segir Jóhann Gunnar Ragnarsson verkefnastjóri hjá NLSH.

Innanhússfrágangur verður boðinn út í upphafi árs 2026 og þegar viðbyggingin verður tilbúin mun starfsemi Læknagarðs flytjast yfir í nýja hlutann og eldri hlutinn verður allur tekinn í gegn og endurinnréttaður.



Nýlega var verið að hífa forsteypta burðarbita á þak íþróttahússins við Grensásdeild.

Grensásdeild Landspítala

Framkvæmdir við stækkun Grensásdeildar halda áfram á fullri ferð og eru í samræmi við áætlun og frágangur innanhúss fer senn að hefjast.

„Nú hefur verið lokið við alla uppsteypu nýbyggingarinnar, þar á meðal burðarvirki íþróttahússins, og vinna við þak þess er að ljúka.

Með þessum áfanga telst uppsteypu formlega vera lokið, sem er mikilvægur áfangi í framkvæmdinni og markar skýr skil yfir í næsta stig sem er vinna við frágang.

Innanhússvinnan hefst fljótlega, uppsetning á ytra byrði og annar frágangur og eins og fram hefur komið er stefnt að verklokum á haustdögum á næsta ári 2026,“ segir Kristinn Jakobsson verkefnastjóri hjá NLSH.

Nýlegt myndband af Grensásdeild frá 12.6 má sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=t5xTRhgBzfQ>

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ólafur M. Birgisson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 896 7330 eða netfangið olafur@nlsh.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595 andriol@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is



nlsh.is

NLSH ehf. / Alaskareitnum við Burknagötu / Póstfang: Pósthólf 20, 121 Reykjavík
Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is